

# Aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis

## I. HLUTI

### Aðgerðir vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum.

#### 1. Almenn.

Hér verður fjallað um þær aðgerðir sem stjórnvöld hyggjast beita sér fyrir til að fyrirbyggja ofbeldi á heimilum og kynferðisbrot gegn börnum, auk aðgerða til að koma þeim til aðstoðar sem orðið hafa fyrir áðurnefndu ofbeldi. Sett eru fram fjögur meginmarkmið í aðgerðaáætluninni en fleiri aðgerðir með rökstuðningi er að finna undir hverju og einu markmiði.

Í þessari áætlun er gengið út frá því að það sé ætíð sá fullorðni sem beri ábyrgð ef barn er beitt ofbeldi og beri þeim hinum sama að taka afleiðingum gerða sinna, enda um óásættanlegt athæfi að ræða. Úrræðin í aðgerðaáætluninni taka mið af þessu og snúa því fyrst og fremst að fullorðnu fólki.

Tilgreindir eru ábyrgðaraðilar við hverja aðgerð og í einstaka tilfellum eru auk þess tilgreindir aðrir þátttakendur sem koma að framkvæmd aðgerðarinnar. Verklök og tímarammi aðgerða eru einnig tilgreind.

#### 2. Auka skal fyrirbyggjandi aðgerðir sem stuðla að opinni umræðu um ofbeldi gegn börnum og viðhorfsbreytingum í þjóðfélaginu.

### MARKMIÐ

#### Að koma í veg fyrir að börn verði fyrir ofbeldi á heimilum eða kynferðislegu ofbeldi.

Fagleg þekking um orsakir ofbeldis og á hvern hátt unnt sé að koma í veg fyrir slíka hegðun er mikilvæg þegar setja skal markmið varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir. Eins og þegar hefur komið fram er engin einföld skýring á því hvers vegna börn eru beitt ofbeldi, um er að ræða margþætt orsakasamhengi.

Fyrirbyggjandi aðgerðir geta snúið beint að barninu, að fullorðnum, að þjóðfélaginu í heild sinni og einnig að ákveðnum áhættuhópum. Fyrirbyggjandi aðgerðir sem snúa beint að barninu eru umdeildar meðal fagfólks, til eru þeir sem telja að barnið fái ranga mynd af eigin ábyrgð varðandi ofbeldi sem á sér stað, alið sé á hræðslu barna gagnvart fullorðnum o.s.frv.

Hér á eftir koma fyrirbyggjandi aðgerðir sem snúa fyrst og fremst að foreldrum/forráðamönnum barna.

### **Stuðningur við foreldra ungbarna og smábarna með svefnvanda og óværð.**

Svefn ungbarna eða svefnleysi og grátur veldur gjarnan áhyggjum hjá foreldrum/forráðamönnum. Erlendar rannsóknir sýna að mikill grátur og svefnleysi barna á fyrstu sex mánuðunum geti verið undanfari ofbeldis og hegðunarraskana seinna meir. Til að koma til móts við þarfir foreldra/forráðamanna ungbarna og smábarna við þessar aðstæður væri æskilegt að efla upplýsingagjöf heilsugæslustöðva um svefn og svefnvandamál sem og um þá þjónustu sem foreldrum ungbarna og smábarna með svefnvanda og óværð stendur til boða.

Aðgerð Gerður verði upplýsingabæklingur bæði á íslensku og fleiri tungumálum um svefn og svefnvandamál, þar á meðal hugsanlegar neikvæðar afleiðingar svefnvandamála á samskipti foreldra og barna, sem og um þá þjónustu sem foreldrum ungbarna og smábarna með svefnvanda og óværð stendur til boða.

Ábyrgðaraðili Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Tímarammi 2007 til ársloka 2010.

### **Foreldrafærniþjálfun.**

Hér á landi eru dæmi um að sveitarfélög landsins, til dæmis Hafnarfjarðarkaupstaður og Reykjanesbær, hafi boðið foreldrum/forráðamönnum barna með hegðunarerfiðleika á leik- og grunnskólaaldri skipulagða meðferð og ráðgjöf sem byggir á félagsmótunarkenningum. Hefur þessi aðferðafræði þótt skila góðum árangri.

Aðgerð	Haldin verði ráðstefna/kynningarfundir á aðferðum til að vinna með börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða á leik- og grunnskólaaldri. Sveitarfélög landsins eru hvött til að bjóða foreldrum/forráðamönnum þessara barna stuðning og ráðgjöf.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur	Menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Lokið	Árslok 2007.

### **Foreldrafræðsla/námskeið.**

Erlendar rannsóknir sýna að ung börn, sérstaklega börn yngri en þriggja ára, eru í áhættuhópi varðandi það að verða fyrir ofbeldi af hálfu foreldra/forráðamanna sinna, þó oftar af hálfu mæðra. Gera þarf öllum foreldrum/forráðamönnum á Íslandi grein fyrir afleiðingum ofbeldis. Vegna fjölbjóðlegs samfélags á Íslandi þykir rétt að fræðsluefni til foreldra/forráðamanna sé á fleiri tungumálum en íslensku.

Aðgerð 1	Gerður verði upplýsingabæklingur bæði á íslensku og erlendum tungumálum um afleiðingar ofbeldis gegn börnum. Bæklingnum verði dreift sem víðast og hann kynntur á opinberum vettvangi.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Lokið	September 2007.

Aðgerð 2	Foreldrum/forráðamönnum barna á leikskólaaldri standi til boða foreldranámskeið á vegum heilsugæslustöðva. Námsgögn og fyrirlestrar verði einnig á fleiri tungumálum en íslensku.
Ábyrgðaraðili	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
Tímarammi	Ársbyrjun 2008 til ársloka 2011.

### **Verðandi foreldrar.**

Skólaganga barna og unglunga gefur tækifæri til að móta viðhorf þeirra og færni til að verða hugsanlega foreldrar síðar á lífsleiðinni. Grunn- og framhaldsskólar landsins gætu í auknum mæli tekið virkan þátt í að fyrirbyggja ofbeldi gegn börnum með fræðslu til nemenda sinna varðandi vöxt og þroska barna og á þann hátt yrði aukin færni þeirra sem verðandi foreldrar. Mætti tengja slíka fræðslu verklegri og bóklegri kennslu í grunn- og framhaldskólum um allt land.

Aðgerð 1 Gerð verið áætlun um á hvern hátt sé unnt að flétta fræðsluefni um vöxt og þroska barna inn í nám í grunn- og framhaldsskólum.

Ábyrgðaraðili Menntamálaráðuneytið.

Lokið Nóvember 2007.

Aðgerð 2 Gefið verði út fræðsluefni fyrir grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að auka fræðslu varðandi vöxt og þroska barna og umönnun þeirra.

Ábyrgðaraðili Menntamálaráðuneytið.

Lokið Maí 2008.

### **3. Styrkja starfsfólk stofnana í því að sjá einkenni ofbeldis hjá börnum og koma þeim til aðstoðar.**

#### **MARKMIÐ**

#### **Að auka þekkingu starfsfólks sem starfar með börnum og unglungum og auka samstarf meðal þeirra.**

Til að koma barni sem orðið hefur fyrir ofbeldi til hjálpar er mikilvægt að fagaðilar stofnana eins og leik- og grunnskóla, heilsugæslu og barnaverndar hafi þekkingu á einkennum ofbeldis og afleiðingum þess. Einnig þarf fagfólk viðkomandi stofnana að hafa þekkingu á verklagi þegar slík mál koma upp. Áðurnefndar stofnanir gegna ólíkum hlutverkum gagnvart barninu og mikilvægt er að fagfólk sé meðvitað um verkaskiptingu þeirra. Þegar fleiri stofnanir koma

að máli fjölskyldu þar sem barn hefur orðið fyrir ofbeldi er samvinna, samráð og skýr tjáskipti nauðsynleg. Til að svo megi verða þarf starfsfólk að hafa þekkingu á verkswiði og ábyrgð hverrar stofnunar fyrir sig.

Í mörgum tilfellum er ekki unnt að vita með vissu hvort ofbeldi hefur átt sér stað gagnvart barni eða ekki. Barnaverndaryfirvöld beina sjónum sínum fyrst og fremst að umönnun, atlæti og öryggi barnsins án tillits til þeirrar málsmeðferðar sem fram fer innan refsivörslukerfisins.

Hér á eftir koma aðgerðir sem miða að því að auka færni starfsfólks til að greina hugsanlegt ofbeldi gegn barni og koma því til aðstoðar.

### **Ráðning starfsfólks.**

Þegar einstaklingar sækja um störf með börnum og unglingum þarf að haga málum þannig að umsækjendum sé gerð grein fyrir því snemma í umsóknarferlinu að farið verði fram á að umsækjendur skili sakavottorði og að hugsanlega þurfi umsækjandi að samþykkja að upplýsinga verði aflað úr sakaskrá ríkisins um hvort hann hafi hlotið dóm fyrir kynferðisbrot.

Aðgerð Gerðar verði leiðbeinandi verklagsreglur sem stofnanir og félagasamtök geti nýtt sér við ráðningu starfsfólks, sbr. 36. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Ábyrgðaraðili Félagsmálaráðuneytið.

Lokið Nóvember 2007.

### **Viðbrögð vegna ofbeldis gegn börnum.**

Dæmi eru um það að börn verði fyrir andlegu, líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi inni á stofnunum eða sambýlum, bæði af hálfu annarra barna og einnig af hálfu starfsmanna. Er hér átt við börn sem dvelja hluta úr degi eða daglangt í leik- og grunnskólum eða á öðrum stofnunum. Einnig getur þetta átt við um börn sem búsett eru í skemmri eða lengri tíma á stofnunum eða sambýlum eða börn sem taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi á vegum frjálsra félagasamtaka. Leiðbeinandi verkferlar/handbók fyrir þessa aðila um hvernig bregðast skuli við þegar grunsemdir vakna um að barn hafi verið beitt ofbeldi, hvort heldur er innan stofnunar eða utan, vantar hér á landi.

Aðgerð	Gerð verði leiðbeinandi handbók fyrir stofnanir/sambýli þar sem yrði að finna verkferla um það hvernig bregðast skuli við vakni grunsemdir um að barn hafi verið beitt ofbeldi, hvort heldur er innan stofnunar eða utan.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur	Menntamálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
Lokið	Október 2007.

### **Tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum.**

Í barnaverndarlögum er kveðið á um tilkynningarskyldu almennings auk tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum vegna stöðu sinnar og starfa. Tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Aðgerð	Gerður verði kynningarbæklingur um ábyrgðarsvið barnaverndaryfirvalda þar sem fjallað er um ákvæði IV. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2002, um tilkynningarskyldu almennings og starfsmanna sem afskipti hafa af börnum og unglungum.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Lokið	Nóvember 2007.

### **Læknisrannsóknir á börnum.**

Ummerki andlegs, líkamlegs og/eða kynferðislegs ofbeldis þarf að staðfesta og tryggja að sönnunargögn fari ekki forgörðum. Í sumum tilfellum, sérstaklega varðandi kynferðisbrot, er ekki alltaf unnt að finna líkamleg merki ofbeldisins. Á sama hátt er erfitt að greina hvort andlegt ofbeldi hafi átt sér stað. Leiðbeinandi verklag eða gátlistar um það á hvern hátt læknisrannsóknir skuli fara fram vakni grunsemdir um ofbeldi gegn barni eru ekki til hér á landi. Sameiginlegt verklag, gátlistar og leiðbeinandi reglur um á hvern hátt skuli framkvæma læknisrannsóknir á börnum sem hugsanlega hafa orðið fyrir ofbeldi gætu því verið nýtsamleg verkfæri fyrir heilbrigðisstarfsfólk um allt land. Á Astrid Lindgrens barnasjúkrahúsinu í Svíþjóð hefur verið unnið að greiningu ofbeldismála samkvæmt nákvæmum verklýsingum og gátlistum til nokkurra ára og er reynsla Svía sú að auðveldara sé að uppgötva ofbeldi gegn barni á fyrri stigum með þessum aðferðum.

Aðgerð	Gerð verði handbók fyrir heilbrigðisstarfsfólk með gátlista og leiðbeinandi verklagi um framkvæmd læknisrannsókna á börnum sem hugsanlega hafa orðið fyrir ofbeldi.
Ábyrgðaraðili	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
Lokið	September 2008.

### **Menntun fagstétta.**

Aukin fagleg færni heilbrigðisstarfsfólks, kennara, leikskólakennara, presta, sálfræðinga, félagsráðgjafa, lögreglumanna og lögfræðinga, þar á meðal dómara, og annarra fagstétta sem vinna með börnum og fjölskyldum er veigamikill liður í forvörnum gegn ofbeldi. Má nefna til dæmis þekkingu á einkennum andlegs, líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og þjálfun í samtalsækni.

Aðgerð 1 Efla skal menntun fagstétta sem koma að málum er varða þolendur ofbeldis. Menntamálaráðuneyti beini þeim tilmælum til menntastofnana sem í störfum sínum koma að vinnu með börnum og fjölskyldum þeirra, að kennsla og fræðsla um ofbeldi gegn börnum verði hluti af námskrá bæði í grunn- og endurmenntun fagstétta. Við gerð námsefnisins sé höfð í huga ólík sýn erlendra þjóða á uppeldisaðferðir barna.

Ábyrgðaraðili Menntamálaráðuneytið.

Tímarammi September 2007–október 2011.

Aðgerð 2 Efla skal fræðslu innan Lögregluskóla ríkisins um ofbeldi gegn börnum, þar á meðal um orsakir og afleiðingar þess og hvernig bregðast skuli við ef slík mál kunna að koma upp.

Ábyrgðaraðili Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Tímarammi September 2007–október 2011.



### **Árlegur fræðsludagur.**

Aukin fagleg færni kennara og annarra fagstétta sem vinna með börnum er veigamikill liður í forvörnum gegn ofbeldi.

Aðgerð Haldinn verði árlegur fræðsludagur með aðilum er í starfi sínu koma að umönnun og fræðslu barna. Forvarnir, orsakir og afleiðingar ofbeldis gegn börnum verði til umfjöllunar með það sem markmið að auka þekkingu og færni aðila.

Ábyrgðaraðili Menntamálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímarammi Hefst í byrjun árs 2007.

### **Rannsóknir á ofbeldi gegn börnum.**

Síðla árs 2005 var stofnað Rannsóknarsetur um barna- og fjölskylduvernd við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Eru félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið meðal stofnenda setursins. Rannsóknir varðandi ofbeldi á börnum hér á landi eru fáar en slíkar rannsóknir geta gefið vísbendingar um hvar þörf sé styrkingar og úrbóta. Í skýrslu dómsmálaráðherra frá 12. maí 1998 um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur segir meðal annars: „Það er hins vegar álit nefndarmanna að ekki sé unnt að skilja ofbeldi gegn börnum frá umræðu um heimilisofbeldi. Allt ofbeldi þar sem börn eru á heimili sé jafnframt ofbeldi gagnvart börnum. Nefndin bendir á að mörg úrræði sem lögð eru til í skýrslunni geta komið börnum til góða, en lýsir jafnframt þeirri skoðun að þörf sé heildstæðrar rannsóknar á tíðni ofbeldis- og kynferðisbrota gegn börnum og meðferð slíkra mála, hvort sem þau verða innan veggja heimilisins eða utan.“ Tekið er undir þetta og mælt með að ráðist verði í gerð rannsóknar á landsvísu um andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum sem og kynferðisbrot gegn börnum.

Aðgerð	Gerð verði rannsókn á landsvísu um andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Einnig verði á sama hátt rannsökuð kynferðisbrot gegn börnum. Rannsóknin takmarkist ekki við umfang ofbeldisins heldur verði áhættuþættir og afleiðingar ofbeldisins meginviðfangsefni rannsóknarinnar. Auk þess verði kannaður árangur þeirra úrræða sem í boði eru fyrir þennan hóp barna og eftir atvikum þróuð frekari úrræði.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Tímarammi	Janúar 2008 til ársloka 2011.

#### **4. Tryggja skal börnum sem eru þolendur ofbeldis á heimili eða kynferðislegs ofbeldis viðeigandi aðstoð.**

### **MARKMIÐ**

**Að börn sem orðið hafa fyrir ofbeldi á heimili eða kynferðislegu ofbeldi fái einstaklingsmiðaða meðferð.**

Hér á eftir koma aðgerðir sem snúa að börnum sem orðið hafa fyrir ofbeldi á heimili eða kynferðisbrotum.

#### **Eftirlit með málsmeðferð barnaverndarmála.**

Barnaverndaryfirvöld gegna veigamiklu hlutverki í málum þar sem grunur vaknar um að foreldri/forráðamaður hafi beitt barn sitt andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Hið sama á við um mál þar sem foreldri/forráðamaður getur ekki verndað barnið gegn ofbeldisfullri hegðun þriðja aðila. Tölulegar upplýsingar undanfarinna ára sýna aukinn fjölda tilkynninga vegna ofbeldis gegn börnum á Íslandi. Hvort umfang og eðli þeirra mála sem eru til vinnslu hjá barnaverndaryfirvöldum hafi breyst á undanförunum árum hefur hins vegar ekki verið kannað. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um það á hvern hátt sveitarfélög landsins hafi brugðist við fjölgun barnaverndartilkynninga. Í ljósi þessa þykir ástæða til að kanna umfang barnaverndarmála hér á landi og í kjölfarið skuli metið hvort setja þurfi viðmið um það hversu mörg barnaverndarmál starfsmenn væru með til vinnslu hverju sinni.

Aðgerð 1 Eftirlitsskylda Barnaverndarstofu með störfum barnaverndarnefnda, sbr. 8. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, verði eflað með því að kalla eftir upplýsingum um málsmeðferð og málshraða ársfjórðungslega.

Ábyrgðaraðili Félagsmálaráðuneytið.  
Tímarammi Nóvember 2006 til ársloka 2011.

Aðgerð 2 Í kjölfar eftirlits og upplýsingaöflunar Barnaverndarstofu um störf barnaverndarnefnda verði metið hvort ástæða sé til að setja viðmið um hversu mörg barnaverndarmál starfsmenn eru með til vinnslu hverju sinni.

Ábyrgðaraðili Félagsmálaráðuneytið.  
Tímarammi Janúar 2007 til ársloka 2011.

### **Skýrslutökur af börnum.**

Ákvæði laga um skýrslutökur af börnum vegna ætlaðra kynferðisbrota og framkvæmd þeirra hafa mikið verið til umræðu hér á landi. Einkum hefur verið rætt um hvar skýrslutakan skuli fara fram og hver eigi að framkvæma hana. Nú er það svo að sæti mál lögreglurannsókn fer staðsetning skýrslutöku eftir ákvörðun dómara. Með vísan til sakhæfisaldurs unglínga sem er 15 ár þykir æskilegt að skýrslutökur af börnum undir 15 ára aldri fari fram í Barnahúsi.

Aðgerð Því verði beint til dómstóla að nýta sér, eftir því sem kostur er, aðstöðu Barnahúss til skýrslutöku af börnum undir 15 ára aldri þar sem grunur er um kynferðisbrot.

Ábyrgðaraðili Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.  
Lokið Maí 2007.

## **Meðferð fyrir börn.**

Meðferð fyrir börn sem orðið hafa fyrir andlegu, líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi krefst einstaklingsmiðaðrar nálgunar og meta þarf í hverju einstöku tilfelli hver þörf barnsins er.

Barnaverndarnefndir, lögregla og héraðsdómstólar geta nýtt sér þjónustu Barnahúss vegna gruns um ofbeldi gegn börnum. Barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, meðferðarheimili fyrir börn, sálfræðideildir skóla, sjálfstætt starfandi sálfræðingar og geðlæknar veita þessum börnum einnig meðferð. Andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum hér á landi hefur ekki fengið sömu athygli og eftirfylgd og kynferðisbrot hafa þó fengið þrátt fyrir að tölulegar upplýsingar sýni að umtalsverður hópur barna verður fyrir þess háttar ofbeldi.

Í Barnahúsi er mjög fullkomin aðstaða til læknisskoðunar á börnum. Þriggja manna fagteymi frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi hefur fastan viðverutíma í Barnahúsi hluta úr degi hálfsmánaðarlega. Sé þörf á bráðalæknisþjónustu vísa barnaverndaryfirvöld málinu beint til bráðavaktar Landspítala – háskólasjúkrahúss, barnadeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eða til heilsugæslu/heilbrigðisstofnunar sem næst er barninu.

Aðgerð	Efla skal starfsemi Barnahúss bæði með kynningu á þjónustu þess sem og finna leiðir til að koma megi betur til móts við þarfir barna sem orðið hafa fyrir hvers konar ofbeldi.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneyti.
Tímarammi	Hefst í júní 2007.

### **Lögreglurannsókn á ofbeldi gegn börnum.**

Í kynferðisbrotamálum er þess gætt að meðferð barns hjá sérfræðingum hefjist ekki fyrir en að lokinni skýrslutöku eða könnunarviðtali. Það er talið hafa skaðleg áhrif á meðferð máls í refsivörslukerfinu og geti jafnvel haft áhrif á framburð barns fyrir dómi eða í könnunarviðtali hafi barn sótt meðferð áður en mál er tekið til rannsóknar.

Ekki liggja fyrir tölfræðilegar upplýsingar um það hve langur tími líði frá því að mál berst í hendur lögreglunnar og þar til skýrslutaka hefur farið fram á barni.

Aðgerð	Kannað verði hve langur tími leið að jafnaði á árunum 2000–2005 frá því að lögreglu barst mál barns í hendur og þar til barnið hafði farið í skýrslutöku og meðferð hófst hjá sérfræðingum. Mikilvægt er að leitað verði úrbóta varðandi lögreglurannsóknir komi í ljós að þeirra sé þörf.
Ábyrgðaraðili	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
Lokið	Júní 2007.

### **5. Rjúfa skal vítahring ofbeldis með því að styrkja meðferðarúrræði fyrir gerendum.**

#### **MARKMIÐ**

**Að gerendur sem beitt hafa börn ofbeldi eigi kost á meðferð í þeim tilgangi að rjúfa ofbeldismynstrið.**

#### **Meðferðarúrræði fyrir unga gerendum.**

Börn sem beita önnur börn andlegu, líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi eiga rétt á aðstoð og meðferð samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002, á sama hátt og önnur börn sem eiga við vandamál og/eða veikindi að stríða. Mikilvægt er að veita þessum hópi barna meðferð meðal annars í forvarnarskygni en erlendar rannsóknir sýna að talsverðar líkur séu á að þau muni beita ofbeldi síðar á lífsleiðinni. Barnaverndaryfirvöld, Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, auk sérfræðinga á einkareknum stofum veita þessum hópi

barna sérfræðiþjónustu en ekki eru fyrir hendi meðferðarúræði fyrir þennan hóp að undanskildu meðferðarheimilinu Bergi.

Meðferðarheimilið Berg á Norðurlandi hefur tekið á móti drengjum sem framið hafa kynferðisbrot gegn börnum. Starfsfólk heimilisins hefur notið faglegrar handleiðslu sérfræðings á þessu sviði, auk þess sem drengirnir hafa fengið einstaklingsmeðferð frá sama sérfræðingi. Frá árinu 2000 hafa níu drengir sem allir eiga það sameiginlegt að hafa framið kynferðisbrot gegn börnum dvalið á meðferðarheimilinu Bergi. Frá 1. nóvember 1998 til loka árs 2004 voru ætlaðir gerendur í 32% þeirra mála sem voru til umfjöllunar í Barnahúsi yngri en 18 ára, eða alls 127 ungmenni. Um var að ræða til dæmis bræður, fjölskylduvini eða nágranna.

Bresk rannsókn frá árinu 2003 sýnir að börn sem beitt hafa verið líkamlegu ofbeldi eru líklegri en þau börn sem hafa verið misnotuð kynferðislega til að beita önnur börn kynferðisbrotum. Þessi sama rannsókn sýnir einnig að ungir gerendur í kynferðisbrotamálum sýna hegðun sem einkennist af grófu ofbeldi og hótunum gagnvart börnum en fullorðnir gerendur hafa frekar hæfileika til að laða börnin til sín á annan hátt. Þessi breska rannsókn samræmist reynslu sem fengist hefur í Barnahúsi undanfarin ár varðandi unga gerendur í kynferðisbrotamálum. Erlendar rannsóknir sýna einnig að um helmingur fullorðinna kynferðisbrotamanna byrjar að brjóta af sér á unglingsaldri en þetta hlutfall er talið fara hækkandi. Eins og sjá má á niðurstöðum þessara rannsókna hefur ofbeldi keðjuverkandi áhrif innan heimilis og utan og einnig á milli kynslóða. Engar íslenskar rannsóknir er að finna varðandi unga gerendur í ofbeldismálum.

Aðgerð	Sett verði á laggirnar fagteymi sérfræðinga sem sérhæfir sig í meðferð ungra gerenda sem beitt hafa önnur börn andlegu, líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Tímarammi	Janúar 2008–september 2011.

### **Meðferð í afplánun.**

Nokkur fjöldi þeirra einstaklinga sem hlotið hafa dóma vegna ofbeldis gegn börnum virðist skorta siðferðislega vitund gagnvart börnum. Sumir hverjir hafa alvarlega persónuleikaröskun eða geðraskanir og kann þeim að vera hættara til en öðrum að misnota börn ef aðstæður skapast til þess. Þessir einstaklingar eru að auki líklegir til að vera brotamenn á öðrum sviðum.

Aðgerð

Þeir sem hafa verið dæmdir til fangelsisvistar fyrir ofbeldi gegn börnum gangist undir meðferð meðan á afplánun refsingar stendur í þeim tilgangi að sporna gegn því að ofbeldið endurtaki sig eftir að afplánun lýkur. Slík meðferð getur einnig verið hluti refsingar.

Ábyrgðaraðili

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Tímarammi

Hefst árið 2007.

## **II. HLUTI**

### **Aðgerðir vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn konum.**

#### **1. Almenn.**

Hér verður fjallað um þær aðgerðir sem stjórnvöld hyggjast beita sér fyrir á gildistíma aðgerðaáætlunarinnar til að fyrirbyggja heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi gegn fullorðnum. Í áætluninni eru sett fram fjögur meginmarkmið. Undir hverju markmiði er að finna nokkrar aðgerðir ásamt rökstuðningi fyrir hverja þeirra.

Tilgreindir eru ábyrgðaraðilar við hverja aðgerð og í einstaka tilfellum eru tilgreindir aðrir þátttakendur sem koma að framkvæmd aðgerðarinnar. Verklok og tímarammi aðgerða eru einnig tilgreind.

#### **2. Auka skal fyrirbyggjandi aðgerðir sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi og stuðla að viðhorfsbreytingum í samfélaginu.**

## **MARKMIÐ**

### **Að koma í veg fyrir heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi gegn konum.**

Kynbundið ofbeldi er félagslegt vandamál sem hefur viðgengist lengi. Lengst af hefur það farið hljótt en hefur komið upp á yfirborðið á síðustu árum samhliða opnari þjóðfélagsumræðu. Óhætt er að segja að ýmislegt hafi áunnist í baráttunni fyrir betri skilningi og bættu aðgengi að þjónustu fyrir þolendur kynbundins ofbeldis hin síðari ár. Leggja þarf höfuðáherslu á að efla forvarnir og senda þau skilaboð út í samfélagið að kynbundið ofbeldi sé aldrei réttlætanlegt.

Ef verulegur árangur á að nást í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi er brýnt að samfélagið horfist í augu við tilvist kynbundins ofbeldis og vinni markvisst gegn því til að koma megi í veg fyrir að slíkt ofbeldi viðgangist.



## **Kynningarátak.**

Leitað verði eftir samstarfi við fjölmiðla og frjáls félagasamtök til að koma á framfæri þeim skilaboðum að kynbundið ofbeldi sé ekki liðið í samfélagi okkar. Markmiðið er að vekja fólk til vitundar um tilvist heimilisofbeldis og kynferðislegs ofbeldis, hvað í því felst og hvert þolendur geti leitað eftir stuðningi og aðstoð. Enn fremur er mikilvægt að skoða hvernig hefðbundin kynhlutverk og staðalmyndir kunna að ýta undir ofbeldi gegn konum.

Aðgerð Stjórnvöld standi fyrir reglulegu kynningarátaki í samstarfi við fjölmiðla og frjáls félagasamtök þar sem áhersla er lögð á að koma fyrirbyggjandi skilaboðum á framfæri og þannig unnið að félagslegri fordæmingu á kynbundnu ofbeldi. Jafnframt verði unnið gegn hefðbundnum kynhlutverkum og staðalmyndun er ýta undir ofbeldi gegn konum.

Ábyrgðaraðili Félagsmálaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímarammi 2007–2011.

## **Fræðsla til almennings.**

Heimilisofbeldi er ein tegund kynbundins ofbeldis sem oft reynist erfitt að koma auga á og greina. Ofbeldið á sér margar og mismunandi birtingarmyndir sem mikilvægt er að gera sér grein fyrir og þekkja. Það birtist meðal annars í barsmíðum og líkamsmeiðingum hvers konar en það getur einnig falið í sér andlegt ofbeldi, svo sem lítilsvirðingu, höfnun, niðurlægingu og hótanir, sem oft er erfiðara að átta sig á. Kynferðislegt ofbeldi er einnig ein tegund kynbundins ofbeldis sem ástæða er til að vekja athygli á. Gert er því ráð fyrir að gerð verði veggspjöld með upplýsingum um heimilisofbeldi sem dreift verði sem víðast. Mikilvægt er að ná til flestra innan samfélagsins og því áhersla lögð á að veggspjöldin verði á fleiri tungumálum en íslensku þar sem íbúum hér á landi hefur fjölgað er eiga ekki íslensku að móðurmáli.

Aðgerð Gert verði veggspjald á íslensku og nokkrum erlendum tungumálum þar sem fram komi upplýsingar um hvað sé heimilisofbeldi, hvort heldur er um að ræða andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Einnig verði upplýsingar um hvar unnt sé að leita eftir stuðningi og ráðgjöf fyrir þolendur. Veggspjaldinu verði dreift sem víðast.

Ábyrgðaraðili Félagsmálaráðuneytið.  
Aðrir þátttakendur Kvennaathvarfið.  
Lokið Apríl 2007.

#### **Gátlisti til notkunar í mæðravernd.**

Erlendar rannsóknir sýna að konur á meðgöngu eru í tvöfalt meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi af hendi maka en ella. Markmiðið með notkun gátlista er einkum að skima fyrir ofbeldi gegn þunguðum konum. Enn fremur er tilgangurinn að koma þeim skilaboðum á framfæri að samfélagið lætur sig ofbeldi varða, það sé ekki einkamál þeirra sem fyrir því verða.

Aðgerð Saminn verði gátlisti sem ætlaður er til notkunar í mæðravernd í þeim tilgangi að kanna félagslegar aðstæður verðandi mæðra, þar á meðal hvort þær búi við ofbeldi inni á heimilinu.

Ábyrgðaraðili Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.  
Lokið Mars 2008.

### **Leiðbeinandi aðgerðaáætlun fyrir sveitarfélög.**

Mikilvægt er að sveitarfélög landsins starfi markvisst að forvörnum, þar á meðal fræðslu til almennings, svo koma megi í veg fyrir kynbundið ofbeldi meðal íbúa þess. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að nærþjónusta við þolendur sé skilvirk og ljóst sé hvert leita skuli aðstoðar ef á þarf að halda. Þá er ekki síður mikilvægt að ólíkir þjónustuaðilar innan sveitarfélaganna tryggi gott samstarf sín á milli.

Aðgerð	Félagsmálaráðuneytið gefi út leiðbeinandi aðgerðaáætlun fyrir sveitarfélög þar sem meðal annars komi fram leiðir að forvörnum, skimun á ofbeldi og afleiðingum þess. Ein af þeim leiðum er meðal annars að koma á þverfaglegu samstarfi í þessum málaflokki.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur	Samband íslenskra sveitarfélaga.
Lokið	September 2007.

### **3. Styrkja starfsfólk stofnana í því að sjá einkenni kynbundins ofbeldis og koma þolendum til aðstoðar.**

#### **MARKMIÐ**

**Að auka þekkingu starfsfólk sem í starfi sínu sinna þolendum kynbundins ofbeldis og auka samstarf meðal þeirra.**

#### **Aðstoð og meðferð fyrir þolendur heimilisofbeldis.**

Nauðsynlegt er að þolendur heimilisofbeldis hafi greiðan aðgang að sérfræðiþjónustu og viti hvert þeir geti leitað eftir henni. Á undanförunum árum hafa þolendur kynferðisbrota getað leitað til Neyðarmóttöku vegna nauðgana eftir aðstoð og stuðningi. Ekkert sambærilegt úrræði hefur staðið þolendum heimilisofbeldis til boða og því oft tilviljanakennt hvert þeir leita. Á Neyðarmóttöku vegna nauðgana og Miðstöð áfallahjálpar er til staðar mikil þekking á ofbeldi og afleiðingum þess. Mikilvægt er að veita þolendum heimilisofbeldis sams konar aðstoð og þolendum kynferðisbrota og er því ráðgert að þjónusta Neyðarmóttöku vegna nauðgana og Miðstöðvar áfallahjálpar standi þeim hópi einnig til boða. Jafnframt er brýnt að Neyðarmóttaka vegna nauðgana og Miðstöð áfallahjálpar styrki samstarf sitt við þá aðila er koma að málum er varða þolendur heimilisofbeldis til að stuðla að góðri þjónustu við þennan hóp þolenda.

Aðgerð

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið feli forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss að koma með tillögur um hvernig styrkja megi Neyðarmóttöku vegna nauðgana og Miðstöð áfallahjálpar innan sjúkrahússins, efla samstarf þeirra og útvíkka starfssviðið þannig að það nái hvoru tveggja yfir heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi. Að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið verði tillögum síðan komið í framkvæmd. Jafnframt verði forstjóranum falið að kanna leiðir til að stuðla að skilvirkari samvinnu við félagsmálayfirvöld, barnavernd, heilsugæslu, frjáls félagasamtök og aðra er koma að málum þolenda kynbundins ofbeldis.

Ábyrgðaraðili

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Tímarammi

Tillögur liggi fyrir árslok 2007.

### **Menntun fagstétta.**

Nauðsynlegt er að grunn- og endurmenntun þeirra fagstétta, sem í störfum sínum koma að málum er varða þolendur kynbundins ofbeldis, svo sem heilbrigðisstarfsfólks, presta, sálfræðinga, félagsráðgjafa, kennara, leikskólakennara, lögreglumanna og lögfræðinga, þar á meðal dómara, hafi að geyma efni um kynbundið ofbeldi, þar á meðal hvernig greina skuli slíkt ofbeldi, orsakir þess, afleiðingar og ekki síst hvernig bregðast skuli við komi slík tilvik upp. Getur þar komið til álita að ákveðnar fagstéttir fái kennslu og þjálfun í viðtalstækni, móttöku og skoðun á þolendum kynbundins ofbeldis.

Aðgerð 1

Efla skal menntun fagstétta, bæði grunn- og endurmenntun, sem koma að greiningu og meðferð kynbundins ofbeldis. Menntamálaráðuneytið beini þeim tilmælum til menntastofnana sem annast menntun starfsstétta sem í störfum sínum koma að málum er varða þolendur kynbundins ofbeldis, að kennsla og fræðsla um kynbundið ofbeldi verði hluti af námskrá. Stuðlað skal jafnframt að gerð fræðsluefnis.

Ábyrgðaraðili

Menntamálaráðuneytið.

Tímarammi

September 2007 til ársloka 2011.

Aðgerð 2

Efla skal fræðslu innan Lögregluskóla ríkisins um heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi, þar á meðal um orsakir og afleiðingar þess og hvernig bregðast skuli við því ef slík mál kunna að koma upp.

Ábyrgðaraðili

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Tímarammi

September 2007–október 2011.

### **Handbók um heimilisofbeldi.**

Lagt er til að hafist verði handa við gerð handbókar um heimilisofbeldi sem geti gagnast ólíkum fagstéttum, svo sem heilbrigðisstarfsfólki, félagsráðgjöfum, kennurum og lögfræðingum, þar á meðal dómurum. Slík handbók gæti til dæmis nýst við kennslu í skólum en ekki síður kemur hún til með að gagnast þeim sem þegar eru starfandi innan þessara fagstétta. Mikilvægt er að efnið sé sett fram á aðgengilegan og skýran hátt.

Aðgerð	Gefin verði út handbók með upplýsingum fyrir fagstéttir er koma að málum er varða þolendur og gerendur heimilisofbeldis sem hefur það markmið að veita þessum fagstéttum mikilvægar upplýsingar um heimilisofbeldi.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur	Dóm- og kirkjumálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Lokið	Mars 2007.

### **Handbók fyrir heilbrigðisstéttir.**

Aukin færni heilbrigðisstarfsfólks sem vinnur með þolendum kynbundins ofbeldis er veigamikill liður í forvörnum gegn ofbeldi. Mikilvægt er að starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar er sinna þolendum kynbundins ofbeldis hafi sameiginleg markmið að leiðarljósi og vinni eftir sömu skilgreiningum þannig að tryggt sé að þolandinn fái ávallt bestu þjónustu sem kostur er á hverju sinni.

Aðgerð	Kannað verði hvort ástæða sé til að gera handbók með klínískum leiðbeiningum fyrir heilbrigðisstéttir sem sinna þolendum kynbundins ofbeldis með það að markmiði að efla og styrkja fagstéttir og samræma vinnubrögð.
Ábyrgðaraðili	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
Lokið	Júní 2007.

### **Reglulegir samráðsfundir.**

Mikilvægt er að stuðlað verði að virku samráði milli einstakra aðila er koma að málum tengdum kynbundnu ofbeldi í því skyni að tryggja að viðbrögð aðila séu samræmd og samvinna sé um að koma málum í eðlilega farvegi. Jafnframt er ekki síður mikilvægt að ólíkar fagstéttir miðli þekkingu og upplýsingum sín á milli svo þróa megi árangursríkar aðferðir sem eru til þess fallnar að ná árangri við að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi. Er því gert ráð fyrir að innan hvers lögregluumdæmis verði haldnir reglulegir samráðsfundir með fagaðilum er starfa innan umdæmisins til að samræma aðgerðir vegna heimilisofbeldis og kynferðislegs ofbeldis.

Aðgerð	Haldnir verði reglulegir samráðsfundir, a.m.k. tvisvar á ári, í hverju umdæmi lögreglu með fulltrúum félagsmálayfirvalda, fræðsluyfirvalda, heilsugæslu, lögreglu og sjúkrahúsa, þar sem það á við, auk fulltrúa svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga. Markmið samráðsfundanna er að samræma aðgerðir vegna heimilisofbeldis og kynferðislegs ofbeldis og tryggja góða framkvæmd verklagsreglna á því sviði.
Ábyrgðaraðili	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur	Félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Tímarammi	Hefst í ársbyrjun 2007.

### **Árlegur fræðsludagur.**

Áhersla er lögð á hlutverk sveitarfélaganna við að aðstoða þolendur heimilisofbeldis og kynferðislegs ofbeldis við að takast á við aðstæður sínar. Félagsþjónusta sveitarfélaganna gegnir þar lykilhlutverki og því mikilvægt að félagsmálastjórar sem og aðrir stjórnendur er starfa innan félagsþjónustunnar komi saman árlega til að skiptast á skoðunum og miðla af reynslu sinni til annarra.

Aðgerð Haldinn verði árlegur fræðsludagur með félagsmálastjórum og öðrum stjórnendum innan félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem sjónum verður einkum beint að orsökum og afleiðingum kynbundins ofbeldis sem og á hvern hátt félagsþjónustan geti unnið gegn því.

Ábyrgðaraðili Félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímarammi Fyrsti fræðslufundurinn haldinn vorið 2007.

### **Söfnun tölfraeðiupplýsinga.**

Mikilvægt er að safna saman á einum stað fyrirliggjandi upplýsingum um umfang kynbundins ofbeldis hér á landi. Regluleg söfnun upplýsinga getur gefið skýrari mynd af umfangi kynbundins ofbeldis sem og hvatt þá er koma að málum er tengjast ofbeldi af þessu tagi til að koma á skipulagðri skráningu upplýsinga.

Aðgerð Hagstofa Íslands safni reglulega tölfraeðiupplýsingum um kynbundið ofbeldi frá heilbrigðisstofnunum, félagsmálayfirvöldum, löggæslu, ákærvaldi og eftir atvikum öðrum opinberum aðilum.

Ábyrgðaraðili Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Tímarammi Upplýsingum verði fyrst safnað á árinu 2007.



### **Rannsókn á kynbundnu ofbeldi.**

Rannsóknir á kynbundnu ofbeldi leiða til aukinnar þekkingar á eðli, umfangi og afleiðingum þess. Er það nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að vinna að forvörnum og skýrri stefnumótun á þessu sviði. Rannsóknir leiða einnig til upplýstrar umræðu um viðfangsefnið og geta þannig orðið mikilvægur þáttur í að brjóta niður þann þagnarmúr sem hefur þótt einkenna þennan málaflokk.

Aðgerð	Umfang og eðli kynbundins ofbeldis hér á landi verði rannsakað í þeim tilgangi að kanna hversu útbreitt það er og til hvaða aðgerða sé rétt að grípa. Sérstaklega verði litið til samanburðar við önnur lönd að þessu leyti.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Tímarammi	Janúar 2008 til ársloka 2011.

### **Könnun á umfangi kynbundins ofbeldis meðal ákveðinna hópa kvenna.**

Erlendar konur, konur með fötlun, konur með alvarlegar geðraskanir og eldri konur eru taldar eiga frekar á hættu að verða þolendur kynbundins ofbeldis en aðrar konur. Erfitt getur reynst að afla upplýsinga um þessa hópa þar sem þær, til dæmis vegna tungumálaörðugleika, fötlunar sinnar og aldurs, geta átt erfitt með að taka þátt í hefðbundnum rannsóknaraðferðum.

Aðgerð	Kannað verði umfang kynbundins ofbeldis meðal kvenna af erlendum uppruna, kvenna með fötlun, kvenna með alvarlegar geðraskanir og eldri kvenna.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
Tímarammi	Janúar 2008 til ársloka 2011.

### **Könnun á umfangi heimilisofbeldis gegn körlum.**

Þegar rætt er um heimilisofbeldi er sjónum sjaldan beint að körlum sem þolendum. Rannsóknir benda til að um það bil 3% þolenda heimilisofbeldis séu karlar en aðstæður þeirra hafa lítið sem ekkert verið skoðaðar hér á landi. Þykir því ástæða til að kanna hvert umfang slíks ofbeldis er hér á landi þannig að unnt sé að meta til hvaða aðgerða sé rétt að grípa í því skyni að koma í veg fyrir slíkt ofbeldi.

Aðgerð	Kannað verði umfang heimilisofbeldis gegn körlum í þeim tilgangi að afla upplýsinga um hversu útbreitt það er og til hvaða aðgerða sé rétt að grípa í því skyni að koma í veg fyrir það.
Ábyrgðaraðili	Félagsmálaráðuneytið.
Tímarammi	Janúar 2008 til ársloka 2011.

### **4. Tryggja skal þolendum heimilisofbeldis og kynferðislegs ofbeldis viðeigandi aðstoð.**

#### **MARKMIÐ**

**Að þolendur heimilisofbeldis og kynferðislegs ofbeldis fái einstaklingsmiðaða meðferð.**

#### **Verklagsreglur lögreglu.**

Ríkislögreglustjóri hefur samþykkt verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála hjá lögreglu sem þykja mjög til bóta. Á sama hátt þykir jafnframt mikilvægt að settar verði fram verklagsreglur lögreglu þegar kemur að kynferðisbrotum sem er ekki síður viðkvæmur málaflokkur.

Aðgerð 1	Gerðar verði verklagsreglur fyrir lögreglu sem ætlað er að stuðla að því að rannsókn mála vegna kynferðisbrota verði skilvirk og vönduð. Áhersla skal lögð á að rannsókn málanna verði hraðað svo koma megi í veg fyrir að mikilvæg sönnunargögn fari forgörðum.
----------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Ábyrgðaraðili Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.  
Lokið Janúar 2008.

Aðgerð 2 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setji skýrar reglur um verklag lögreglu við tilnefningu réttargæslumanna á grundvelli VII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Ábyrgðaraðili Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.  
Lokið Janúar 2008.

### **Réttargæslumenn.**

Brotþoli á rétt á réttargæslumanni ef um kynferðisbrot er að ræða og brotþoli óskar þess. Lögreglu er þó skylt að tilnefna brotþola réttargæslumann ef um ofbeldisbrot er að ræða eða brot gegn frjálrsæði manna, brotþoli hefur orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði vegna brotsins og hann hefur að mati lögreglu sérstaka þörf fyrir slíkan réttargæslumann. Jafnframt er lögreglu skylt að tilnefna brotþola réttargæslumann ef brotþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar að rannsókn máls hefst. Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotþola við rannsókn málsins og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal að setja fram einkaréttarlegar kröfur, svo sem skaða og miskabótakröfur. Þykir mikilvægt að þolendum heimilisofbeldis verði á sama hátt og þolendum kynferðisbrota tryggður réttur til réttargæslumanns, sér í lagi þar sem slík brot geta hafa varað í langan tíma og nán tengsl eru oft milli geranda og þolanda.

Aðgerð Ákvæði VII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum, verði breytt þannig að þolendur heimilisofbeldis eigi rétt á réttargæslumönnum á sama hátt og þolendur kynferðisbrota.

Ábyrgðaraðili Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.  
Lokið Maí 2007.

## **Nálgunarbann.**

Dómstólum hefur verið heimilt að leggja á svokallað nálgunarbann að kröfu lögreglu frá árinu 2000, sbr. lög nr. 94/2000. Nálgunarbann felur í sér bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við þann sem verndaður er af banninu. Til að nálgunarbann verði lagt á þarf að liggja fyrir rökstudd ástæða um að viðkomandi muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess sem á í hlut. Markmið nálgunarbanns eru einkum að vernda þolanda ofbeldis og fyrirbyggja frekara ofbeldi. Meginreglan er sú að einungis lögregla getur krafist nálgunarbanns fyrir dómi, yfirleitt að beiðni þess sem vernda á, en lögregla getur einnig krafist slíks banns að eigin frumkvæði. Í ljósi þess að oft er um að ræða bráðatilvik er lagt til að sú leið verði skoðuð, hvort fela eigi lögreglu að taka ákvörðun um nálgunarbann en þá ákvörðun lögreglu yrði síðan unnt að kæra til héraðsdóms. Þykir slík tilhögun þjóna frekar tilgangi nálgunarbannsins enda einungis ætlast til að því sé beitt í mjög alvarlegum tilvikum.

Aðgerð	Ákvæði um nálgunarbann í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 verði skoðað með það í huga, hvort heimila eigi lögreglu að setja inn nálgunarbann þegar í stað þegar um heimilisofbeldi er að ræða. Ákvörðun lögreglu verði kærnanleg til héraðsdóms.
Ábyrgðaraðili	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
Lokið	Maí 2007.

## **Úttekt á réttarúrræðum.**

Alþingi hefur á undanförunum árum samþykkt ýmis réttarúrræði til handa þolendum kynbundins ofbeldis. Mikilvægt er að skoða og meta hvernig úrræðin hafa reynst og hvort ástæða þyki til að endurskoða þau í ljósi reynslunnar.

Aðgerð	Reynsla sem þegar hefur fengist af þeim réttarúrræðum sem lögfest hafa verið á síðastliðnum árum, svo sem nálgunarbanni og vitnavernd, verði metin kerfisbundið.
Ábyrgðaraðili	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
Lokið	Janúar 2008.

**5. Rjúfa skal vítahring ofbeldis með því að styrkja meðferðarúrræði fyrir gerendum.**

**MARKMIÐ**

**Að gerendum sem beitt hafa konur kynbundnu ofbeldi eigi kost á meðferð í þeim tilgangi að rjúfa ofbeldismynstrið.**

**Meðferðarúrræði fyrir gerendum**

Markmið verkefnisins *Karlar til ábyrgðar* er að veita körlum sem beitt hafa heimilisofbeldi meðferð og aðstoð séu þeir reiðubúnir að leita sér hjálpar vegna ofbeldisbeitinga. Gerendum í kynferðisbrotamálum hefur ekki staðið sambærileg þjónusta til boða. Skoða þarf hvort hugmyndafræði verkefnisins *Karlar til ábyrgðar* henti einnig fyrir kynferðisbrotamenn eða hvort leita þurfi annarra úrræða. Telja má að líkurnar á því að gerandi leiti sér aðstoðar séu meiri viti hann hvert hann geti leitað og að honum standi aðstoð til boða.

Aðgerð

Verkefnið *Karlar til ábyrgðar* verði eflt og styrkt. Skoðað verði hvort sömu aðferðir við meðferð og stuðning sem nýtast gerendum heimilisofbeldis gagnist einnig gerendum kynferðisbrota. Einnig þarf að huga að frekari aðstoð við fjölskyldur gerenda sem leita sér meðferðar.

Ábyrgðaraðili

Félagsmálaráðuneytið.

Lokið

Janúar 2009.

### **Meðferðarúrræði meðan á afplánun stendur.**

Ofbeldi er frumstæð aðferð til að leysa ágreining, eitthvað sem gripið er til þegar einstaklingur á í erfiðleikum með að ná valdi á ákveðnum aðstæðum. Viljinn til að hætta að beita ofbeldi nægir sjaldnast til að koma í veg fyrir að ofbeldi sé beitt. Mikilvægt er því að tryggja gerendum aðstoð við að hafa stjórn á háttsemi sinni og leita viðurkenndra samskiptaleiða meðan á afplánun stendur svo koma megi í veg fyrir frekari ofbeldisbeitingu þegar afplánun lýkur.

Aðgerð

Þeir sem hafa verið dæmdir til fangelsisvistar fyrir kynbundið ofbeldi gangist undir viðeigandi meðferð, til dæmis í reiðistjórnun, meðan á afplánun refsingar stendur í þeim tilgangi að sporna gegn því að ofbeldið endurtaki sig eftir að afplánun lýkur. Slík meðferð getur einnig verið hluti refsingar.

Ábyrgðaraðili

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Tímarammi

Upphaf ársins 2008.